

Mál nr. 150/2007

M og

Vátryggingafélagið V. v. ábyrgðartryggingar R

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á kant í bílastæðahúsi þ. 2.3.2007.

Gögn.

1. Málskot mótt ekið þ. 1.8.2007.
2. Bréf V dags. 18.5. og 9.8.2007.
3. Tjónstilkynningar dags. 3.3. og 10.4.2007
4. Bréf R dags. 14.5.2007.
5. Ljósmyndir

Málsatvik.

M segist hafa verið að aka út úr bílastæðahúsi og ekki séð kant sem annar bill hafi skyggt á. M segir að vegna lögunar á kantinum sé ómögulegt að sjá hann ef bíl sé lagt í stæði við hann og oft hafi verið keyrt utan í kantinn. Framkvæmdastjóri R mótmælir því að umræddur vegkantur sé illsjáanlegur en hins vegar hafi verið kvartað yfir þrengslum vegna eyju sem þarna og ekki hafi verið óskað úrbóta hvað kantinn varðar. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu R hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur M ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát og kanturinn sem hann ók á hafi ekki verið óvenjulegur að neinu leyti auk þess sem ekki hafi verið sýnt fram á að gerð kantsins, staðsetning eða aðstæður að öðru leyti hafi verið með saknæmum hætti.

Álit.

Ökumönnum sem aka í bílastæðahúsum má vera ljóst að þrengsli eru þar veruleg og aka verður með mikilli aðgát. M þykir ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát í umrætt sinn. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að aðstæður í umræddu bílastæðahúsi hafi verið með þeim hætti að baki R skaðabótaskyldu. Þegar af ofangreindum ástæðum á M ekki rétt á bótum úr vátryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vátryggingu R hjá V.

Reykjavík 11.9. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.